

# Pési

178. tbl. 14. árgangur

**Desember 2004**

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600



## Efnisyfirlit

Frá sveitarstjóra

Auglýsingar

Aðsend bréf

Fundargerð

hreppsnefndar

Vígsluljóð

Námskeið

Þorláksmessuskatan

Næsti Pési kemur út:

14. janúar 2005

Skilafrestur á efni:

10 janúar.

## Frá sundlauginni:

Opnunartími um jól og áramót:

mánudaga til föstudaga 17:00-21:30

laugardaga og sunnudaga 13:00-  
18:00

Dagana: 23, 24, 25, 26, 31 des og

1. jan 2005 er LOKAÐ

## Frá íþróttahúsinu:

Breyttir opnunartímar í desember.

Dagana 17, 20, 21, 22, 27, 28, 29, 30 er  
opið frá kl 17:00 - 20:00.

Dagana 19, 23, 24, 25, 26, 31 des, 1. og 2.  
janúar 2005 er LOKAÐ.

Frá 3. janúar 2005 er opið  
samkv.stundatöflu.

Gleðileg jól!

Enn á ný nálgast jólin með öllu því skemmtilega tilstandi, ljósadýrðinni og hefðunum sem þeim fylgja. Að vanda var hér haldin myndarleg aðventuhátíð undir stjórn sóknarprestsins okkar, kirkjuorganistans og kirkjukórsins. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist og segja má að þarna séu slegnir fyrstu tónar jólahaldsins. Eftirminnilegt er að fylgjast með ungvíðinu sem söng fyrir okkur og lék helgileik. Það er skemmtileg hefð að halda slíkar hátíðir þar sem kynslóðirnar koma saman og allir eru virkir þátttakendur. Þá var samleikur þeirra Sigrúnar Eðvaldsdóttur og Miklosar Dalmay einstakur. Eitt af því sem spennandi væri að gera hér er að tengja enn betur saman heimamenn og það erlenda fólk sem er að festa hér rætur. Við njótum svo sannarlega góðs af tónlistarsnillingum okkar sem koma frá Ungverjalandi þeirra Editar Molnár og Miklosar Dalmay sem færa okkur erlenda tónlistarmenningu um leið og þau kappkosta að leggja sig fram við að tileinka og auðga tónlistarmenningu héðan frá Fróni. Tónlistarhefðin hér í hreppnum er rótgróin og þau hafa einmitt kappkostað að halda á lofti fjölmörgum fallettum lögum sem Sigurður heitinn Ágústsson frá Birtingarholti samdi. Þetta auðgar allt menningu okkar og breikkar því heimurinn sem er alltaf að minnka með aukinni tækni, auknum ferðalögum okkar og ýmsum alþjóðasamningum sem við Íslendingar höfum gert. Norðurlandabúarnir sem hér eiga heima falla vel inni menningarheim okkar og setja sinn svip á samfélagið en einnig er hér fólk frá öðrum svæðum sem gaman væri að virkja betur. Því í hverju landi er ákveðin menning sem við getum lært af um leið og við getum miðlað af okkar menningu. Grundvöllur þessa alls er tungumálið. Íslenskan er flókin fyrir útlendinga en hún er lykillinn að því að útlendingar samlagist samfélagi okkar. Þetta eru atriði sem þurfum að huga að á nýju ári. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps sem og starfsmenn sveitarfélagsins óska hreppsþúum og sumarbústaðaeigendum í hreppnum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs með þökk fyrir samstarf á árinu.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

## **Alheimsstemning á Hótel Flúðum**

Það kemur e.t.v. engum á óvart að heimsmenningin er í Hreppunum ekki síður en í París, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Hótelhaldararnir okkar þau Margrét Runólfsdóttir og Guðmundur Sigurhansson halda alltaf mikla hátíð þegar uppskera ársins í frönskum rauðvíninum er kynnt vítt og breytt um heiminn. En það er alltaf stór sund þegar Beaujolais Nouveau frá vínframleiðandanum Bouchard Ainé og Fils í Frakklandi kemur á markaðinn. Flestir hafa skoðun á því hvort vínið er sætt eða súrt, á hvað eftirbragðið minni og þar fram eftir götunum. Það var samdóma álit vínáhugamanna í hreppnum að vínið væri með allra besta móti þetta árið, bragðið fullt, þrúgan góð og eftirbragðið alveg sérstakt. Áhrifin eðlileg og dagurinn eftir með besta móti miðað við aðstæður. Altent var þetta glæsileg hátíð hótelhöldurunnunum til mikils sóma. Ekki nóg með það því þriðja árið í röð hafa þau boðið öldruðum til síðdegisveislu í tilefni jólanna. Þetta er myndarlegt framtak sem aldrei eru afar þakklátir fyrir.

## **Myndarleg útgáfa Skólavísis Flúðaskóla**

Í mánuðnum kom út Skólavísis Flúðaskóla fyrir skólaárið 2004-2005. Þar koma fram fjölmargar nytsamar upplýsingar sem varða skólahlald, innra starf og m.fl. Foreldrar og aðrir þeir sem láta sig skólahlald varða eru hvattir til þess að kynna sér skólavísirinn. Vert er að þakka forráðamönnum skólans fyrir þetta framtak en umsjón með útgáfunni hafði Ragnhildur Birgisdóttir, aðstoðarskólastjóri en Guðjón Árnason, skólastjóri er ábyrgðarmaður.

## **Okkar fólk að spjara sig!**

Ungu stúlkurnar okkar í fimleikadeild UMF Hrunamanna náðu frábærum árangri í Íslandsmóti í almennum fimleikum í 1. þrepi sem fram fór í Reykjavík á dögnum. Keppendur voru frá flestum sterkustu fimleikafélögum landsins. Elma Jóhannsdóttir 12 ára, náði þriðja sæti á trampolíni og einnig í stökki. Þá náði Elma einnig keppnislágmarki á Íslandsmeistaramót sem fram fer á

næsta ári. Guðný Vilmundardóttir 10 ára náði öðru sæti á trampólíni í sínum aldursflokki. Þessum ungu stúlkum er óskað til hamingju sem og þjálfurum og öðrum keppendum. Hin góða gjöf gömlu íþróttakempanna þeirra Guðbjargar og Georgs á Jörfa hefur greinilega komið sér vel en í haust gáfu þau fimleikadeildinni glæsilegt trampólín.

### **Gott starf í leikskólanum.**

Starfsdagur var á leikskólanum í lok nóvember. Hrafnhildur Karlsdóttir, leikskólaráðgjafi sagði frá námskeiðsgerð. Til gamans má geta þess að Hrafnhildur á ættir að rekja í Hreppinn er systurdóttir Guðmundar okkar Sigurdórssonar. Í aðalnámsskrá er gert ráð fyrir að allir leikskólar geri uppeldis- og námsáætlun. Aðalnámsskráin er grundvöllur að því að hægt sé að leggja mat á uppeldisstarf leikskólanna. Jóna G.Ólafsdóttir leikskólastjóri stefnir ótrauð að hefja þessa vinnu sem allra fyrst með sínu fólki. Metnaðarfullt starf í uppeldisstofnunum okkar hvort heldur er í skóla, leikskóla eða tónlistarskóla gleður okkur. Litlu jólin verða í leikskólanum kl 10. föstudaginn 17. desember.

### **Hallarfjós vígt á Birtingaholti**

Það var mikið um að vera í Birtingaholti hjá Sigurði og Fjólu síðasta laugardagskvöldið í nóvember. Þar var haldið uppá að fjós sem líkist meira höll var vígt. Tveir “róbótar” sjálfvirkar mjaltamaskínur eru í höllinni. Karlakór Hreppamanna tróð upp og máttu hafa sig alla við en stóðu sig að vanda með sóma. Strax daginn eftir streymdu kusurnar inn í fjósið og voru tónar þeirra ekki síður gefandi en karlakórsins. Nokkurn tíma tók þær að átta sig á hinum nýju heimkynnum. Birtingaholtshjónunum er óskað til hamingju með höllina og óskað velgengni í atvinnugreininni. Nú bíðum við spennt eftir næstu höll sem Ragnar og Marta eru að reisa – og er ekki ólíklegt að það verði snemma á næsta ári. Hver veit nema þriðja hallarfjósið í hreppnum verði tilbúið undir vorið hjá Samúel og Þórunni í Bryðjuholti. Var svo einhver að tala um að ekkert væri að gerast í Hrunamannahreppi?.

## Mikið um að vera á Útlaganum

Myndarleg bóka og tónlistakynning fór fram hjá Árna á Útlaganum 28. nóvember s.l.

21. desember verða sólstöðutónleikar á Útlaganum og þeir sem verða lengi á ballinu geta næstum því farið beint í skötuveislu á Þorláksmessu sem stendur yfir frá kl 11.30 – 14.00. Skötuveisla verður einnig í Golfskálanum Efra-Seli þennan dag. Hinir sem ekki fara á ballið geta engu að síður nýtt sér skötuveisluna. Þeir sem verða aftur orðnir ballþyrstir komast síðan á ball á Útlaganum eftir miðnætti á jóladag þar sem hljómsveitin Veðurguðirnir skemmtir. Á nýársnótt leikur síðan sjálfur Ingó fyrir dansi bæði vangadansa og svolítið fjörugri lög líka. Ekki er öll sagan sögð því 8. janúar verður þrettándaball með hinni ómóttstæðilegu hljómsveit Á móti sól. Útlaginn er því greinilega í jólaskapi og vonandi verða þeir sem heimsækja hann það líka.

## Undiralda hjá SASS

Um miðjan síðasta mánuð lögðu sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi land undir fót og héldu á aðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem að þessu sinni var haldinn í Vestmannaeyjum, enda heimamenn nýgengnir í þessi samtök á nýjan leik. Fundurinn tókst vel og eru Vestmannaeyingar eins og flestir vita góðir heim að sækja, gestrisnir og glaðir. Þátttakendur af fasta landinu fengu að kynnast því að ekki er ein báran stök þegar kemur að samgöngumálum eyjaskeggja. Þegar halda átti heim í flugi var ekkert flugveður og skunduðu sveitarstjórnarmenn þá niður í Herjólf en heldur ógnvekjandi var að horfa til hafsins. Það kom reyndar í ljós enda var skipið einum tíma lengur á leiðinni en venja er. Ferðalagið reyndi á innfli manna og jafnvægisskin. Yngsti sveitarstjórnarmaður landsins, okkar maður Þorsteinn Loftsson, lét þetta ekki á sig fá því skömmu eftir að brotsjór reið yfir skipið gekk hann að þjónustuborðinu og spurði: “Er ekki hægt að fá eitthvað að éta um borð.” Það mátti sjá mikinn undrunarsvip á mönnum í stóra matsalnum þegar Haukholtsbóndinn sýndi þessa hreysti. Ég er ekki frá því að Flóamenn sem voru þarna í grenndinni yrðu enn fölari við að skynja hreysti stráksa og talið er að sveitarstjóri Hrunamanna hafi aldrei í lífi sínu þagað jafn lengi og einmitt í þessari heimferð.

## **Sýslumaður fundar.**

Sýslumaðurinn á Selfossi hélt fund á dögnum með fulltrúum sveitarfélaganna þar sem hann og yfirlögregluþjónninn kynntu starfsemi Sýsluskrifstofunnar og Lögreglustöðvarinnar á Selfossi. Farið var yfir helstu vandmál í umdæmi lögreglunnar. Hér efra fá umferðaskilti, götumerkingar o.þ.h. ekki að vera í friði. Það getur verið mikið alvörumál að fjarlægja t.d. stöðvunar, og biðskyldumerki. Einnig er þetta ákveðin ómenning sem erfitt hefur reynst að uppræta en við verðum í raun að taka höndum saman hvað þetta varðar. Einnig hefur verið landlægt hér að stolið hefur verið úr sumarbústöðum – þetta er mjög neikvætt fyrir okkar svæði. Þá var fjallað um hugsanlegar breytingar á almannavörnum í sýslunni. Fundir sem þessir eru til góðs og upplýsandi og leiða vonandi til virkari löggæslu á svæðinu.

## **Brotist inn í sundlaugina**

Fyrir skömmu var brotist inní sundlaugina okkar. Litlu var stolið en þó hvarf gripur frá einum starfsmanni laugarinnar, Jóhannesi Helgasyni. Þetta var tölvan hans þar sem hann varðveitir meira og minna allt námsefni, ritgerðir og glósur. Jóhannes er námsmaður og má því allra hluta vegna illa við því að missa þennan kjörgrip. Við treystum því ef einhverjir geta gefið upplýsingar um málið eða hafa tölvuna undir höndum að skila henni hið fyrsta.

## **Rut býr til verðlaunagrip fyrir uppsveitabrosið!**

Ferðabjónusta bænda hlaut Gæða- og gestrisni viðurkenningu sem nefnist Uppsveitabrosið 2004. en það var ferðamálafulltrúi okkar Ásborg Arnþórsdóttir sem afhenti þau. Rut Sigurðardóttir glerlistakona í Dalbæ var fengin til þess að búa til verðlaunagripinn sem afhentur var og getum við verið stolt af okkar fólki.



## **Áramótabrenna**

Að vanda verður áramótabrennan okkar á hefðbundnum stað. Tómas Þórir ber veg og vanda með brennunni. Hér verður um myndarlegan bálkost að ræða og er upplagt að setja timbur o.þ.h. á köstinn. Hins vegar er bannað að setja heimilissorp á köstinn. Ábyrgðarmaður brennunnar er Hörður Úlfarsson og kveikt verður í kestinum kl. 20.30 á gamlaárskvöld.

## **Skemmtilegar hefðir**

Ein af mörgum skemmtilegum hefðum í sveitinni og minnir okkur óneitanlega á jólin, er þegar góðbændur undirbúa veturinn með því að reykja jólahangiket. Gamall sýslufulltrúi úr Rangárþingi, sem er mikill matmaður, fékk að gæða sér á sérlega góðu hangikjöt úr uppsveitunum og orti af því tilefni:

Haukholtsbóndann ég mikils met  
og mun það í dagbók letra  
að hann kann að verka hangiket  
svo hvergi fæst það nú betra. // P.E.

## **Áramótin tími uppgjors!**

Áramótin eru tími uppgjors og eru hreppsúar sem eru í skuld við hreppinn og hitaveituna, hvattir til þess að gera upp skuldir sínar Forsenda þess að hægt sé að bjóða upp á hina fjölbreyttu þjónustu sem hér er veitt er að íbúarnir standi í skilum. Hinum fjölmörgu hreppsúum sem alltaf standa í skilum er þökkuð skilvísín.

## Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudaginn 17. des ,14 jan  
28. jan og 11 des.  
Pantið tímanlega.  
Tímapantanir í síma:  
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.  
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

**VIOLA - snyrtistofa á Flúðum**  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Föræun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímapantanir í síma 566-8342*  
*og 897-3741(HÍÍF)*

## **VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk.**

**ADALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00**

**Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson**



**Flytjandi**  
- á rötttri laði

**Flytjandi**  
- á rötttri laði

**FLÚÐALEIÐ ehf.**

**Vöruflutningar**

**Ferðaáætlun**

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

**Pálmár: 892-2370 Bílstjóri: 892-2371**

**Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693**

**Netfang: [fludal@hvippinn.is](mailto:fludal@hvippinn.is)**

**Flytjandi**  
- á rötttri laði

**Flytjandi**  
- á rötttri laði



**Bráðum koma blessuð jólin  
börnin fara að hlakka til.**

**Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.**

**Kæru sveitungar.**

Hin árlega barnaskemmtun verður í Félagsheimilinu  
miðvikudaginn **29. des . kl. 13:30.**

Við vonum að sem flestir nær og fjær gefi sér tíma til að njóta  
dagsins með okkur. Munið að hafa með ykkur kaffibrauð.  
Sendum ykkur öllum okkar bestu jóla og nýárskveðjur.

Nefndin

**Opnunartími Bókasafns Hrunamanna**

Mánudaga 20:00-21:00

Þriðjudaga 16:00-18:00

Miðvikudaga 16:00-18:00

Fimmtudaga 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

Til sölu

VHS myndbandstæki og skáktalva (hentar börnum)

Bæði ný og ónotuð tæki, seljast á hálfvirði.

Uppl. í síma: 896-6073

Nuddstofa Elsu , óskar viðskiptavinum sínum

***Gleðilegra jóla, og farsældar á nýju ári.***

***Pakka ánægjuleg viðskipti á liðnu ári.***

*Else Nielsen*



Ljósmynd á vegginn?

Hef til sölu stækkaðar myndir t.d. til gjafa.

Hvað með jólin, brúðkaup, afmæli eða önnur tækifæri?

Sigurður Sigmundsson S: 893-1235 / 486-6673

*Skrifstofa Hrunamannahrepps*

*Opnunartími hreppsskrifstofu um hátíðarnar:*



*Þorláksmessa opið frá kl. 9.00 til 12.00*



*Aðfangadagur lokað*

## Skötu- og pizzuveislan 2004



Þorláksmessudag kl. 11.00 – 22.00



Á Þorláksmessudag á síðasta ári var Kaffi-Sel með skötuveislu í golfskálanum í fyrsta sinn. Viðbrögð voru afar góð og nú er ætlunin að endurtaka leikinn.

Á Þorláksmessudag verður opið frá kl. 11.00 til 22.00. Verð á mann í skötuahlaðborðið er **1.200 kr.** m.v. 15 ára og eldri, frítt fyrir 14 ára og yngri og veittur er 10% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.

Boðið verður upp á skötu af ýmsum styrkleikum, saltfisk, viðeigandi og meðlæti. Fyrir þá sem ekki leggja í fiskmetið verða seldar Pizzur af matseðli. **Leikaðstaða fyrir börn verður á staðnum.**

Komum saman og eigum ánægjulega og rólega stund rétt fyrir jólahátíðina.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Sími 486-6454



25



DANS,



DANS.

Það verður haldið áfram með dansinn eftir jóla, eða allan janúar, sjá svo til hvað tíminn leyfir. Ásta Guðný og Halldór ætla að vera leiðbeinendur með byrjandanámskeið á mánudagskvöldum kl.20:30 í Golskálanum að Efra-Seli. Byrjað verður 3.Janúar 2005. Einnig framhaldsnámskeið fyrir lengra komna, á sunnudagskvöldum kl 20:30 sama stað. Byrjað 2.janúar 2005. Ef einhverjir árekstrar verða með Golskálann verður farið niður á Brautarholt eða Árnes. Ekki er ætlast til að neinn skrái sig, en mæti á réttum tíma og skrái sig þá. Kostnaði er verulega stillt í hóf, engin verðbólga eða samráð.

Upplýsingar í síma: 4866690 eða 4866031.

## Í HRINGIÐUNNI

Íslensk náttúra er stórbrotin, okkar strjálbýla land er fagurt og býður upp á fjölbreytileika í lífríki náttúrunnar. Þetta er mikill auður.

Það er hinsvegar vandi að umgangast náttúru landsins og nær hvarvetna má sjá ummerki mannsins og búfjárins sem nýta landið.

Því er ekki að neita að víða hafa orðið náttúruspjöll, það er heldur ekki óeðlilegt ekki síst þegar horft er til sögunnar. Vegir hafa verið lagðir, mikil akuryrkja er stunduð og við þurfum að reisa margvísleg mannvirki svo eitthvað sé nefnt til að nýta landið og búa í því. Stundum höfum við líka farið fram úr okkur og má þar t.d. nefna uppþurrkun votlendis, sem framkvæmt var sumstaðar úr hófi fram, annarsstaðar hefur þess verið mikil þörf eins og hvarvetna má sjá.

Talað er um umhverfisslys í þessum efnum og er ég um margt sammála því. “Allt orkar tvímælis þá gert er,” segir máltækið.

Steingrímur J Sigfússon hafði hátt sælla minninga á Alþingi að Kárahnjúkavirkjun væri mesta umhverfisslys Íslandssögunnar af manna völdum. Deila má um það. Það er hinsvegar mín skoðun að mesta umhverfisslysið af mannavöldum sé innflutningurinn á minknum til landsins og útbreiðsla hans í okkar dýrmæta og fjölbreytta lífríki.

## Skaðinn er ómetanlegur

Það er mál manna, og rannsóknir sýna að mink og ref hafi farið fjölgandi á síðustu árum. Þetta er orðin einskonar þjóðarplága í lífríkinu. Þess má svo sannarlega sjá merki á fuglalífinu. Ár og vötn hafa einnig orðið að gjalda þessa. Þegar tófan er farin að bíta fullornar ær í byggð, svo aflífa þurfi, eins og gerðist hér í sveit í fyrrihaust þá sjá allir að grimmdin er mikil. Sumum finnst þessi dýr falleg og vilja friða þau að miklu eða öllu leiti. Slíkt er útilokað, því miður. Þau verða vera réttdræp hvar sem er og hvenær sem er, svo alvarleg er útbreiðsla þeirra og skaðinn mikill. Hér í Hrunamannahreppi hefur verið unnið betur en víða annarstaðar að því að útrýma þessum vargdýrum. Dugmiklir áhugamenn hafa haft áhuga og kraft til að stunda þessar veiðar. Má þar t.d. nefna þá Siggeir Þorgeirsson sem hefur skotið aragrúa refa á skothúsi og á grenjum síðan 1963. Jón Óla í Tungufelli sem hefur lagt marga lágfótuna að velli, bæði við grenjavinnslu og við skothús. Svanur bróðir hans hefur einnig verið liðtækur.

Böðvar Bjarki Thorsteinson er einnig frábær veiðimaður. Hefur hann á þessu ári drepið á milli 40 og 50 minka og allnokkrar tófur.

Fleiri hafa lagt hönd að verki við að halda þessari plágu í skefjum, sem er þakkarvert.

## Hlutur sveitarfélagsins

Síðustu mánuði hefur sveitarfélagið greitt kr. 3000 fyrir hvert minkaskott en 7000 fyrir skottið á tófunni, þ.e. hlaupadýrum. veiðimenn þurfa síðan að greiða tekjuskatt af þessari upphæð. Sum sveitarfélög hafa greitt kr. 15000 fyrir unna minkalæðu um meðgöngutímamann. Er þá miðað við að læðan gangi með 4 yrðlinga. Þetta hefur ekki verið gert hér í sveit, því miður. Þeir ágætu menn sem þessar veiðar stunda leggja í mikinn kostnað við veiðarnar og vegur þar þyngst akstur, kaup á skotvopnum og gildrum. Þeir fá sem sagt harla lítið eða ekki neitt fyrir sína vinnu og alla þá miklu fyrirhöfn sem fer í þennan tíma sem veiðarnar taka. Ekki þarf að taka fram að fjárhagur margra sveitarfélaga er slæmur og hafa einhver þeirra gefist upp á að standa undir þeim útgjöldum sem fylgir eyðingu þessara villidýra.

Það er afleitt ef ekki er hægt að greiða þeim veiðimönnum í okkar sveit sem þessa iðju vilja stunda enn betur en gert er og á ég þá sérstaklega við hvolpafullar minkalæður. Í athyglisverðri grein í Bændablaðinu 26. október er frásögn af Reyni Bergsveinssyni minkaveiðimanni um hönnun á nýrri gerð af minkagildrum sem hann hefur smíðað og reynast frábærlega vel. En þær kosta sitt. Ég á við, í stuttu máli sagt að sveitarfélagið aðstoði okkar slyngasta minkaveiðimann, Böðvar Bjarka við að eignast svona gildru eða gildrur til að vinna enn frekar á minknum. Einnig að greiða fullt verð fyrir hverja hvolpafulla læðu.

Minka og refaplágan er mikið alvörumál. Með samstilltu átaki er ég sannfærður um að hægt sé að halda þessu vargi niðri og jafnvel ganga verulega á stofninn. Þessum dýrum verður þó aldrei útrýmt, svo harðger og slungin eru þau. Ríkisvaldið verður að setja meiri fjármuni í þessar veiðar svo að sveitarfélögin geti staðið við sitt í þessum eignum. Það er reyndar mergurinn málsins. Þá eru líkur til að ekki verði þörf

á neinu rjúpnaveiðibanni, mófuglum mun fjölga á ný og veiði aukast í ám og vötnum.

Sigurður Sigmundsson

## Nuddstofa Elsu

Tímapantanir í sími:690-6024

*Gjafabréf frá Elsu er notaleg jólagjöf.-*

### **NÝTT !! NÝTT!! - HEITT STEINANUDD.**

Heitt steinanudd verkar á bandvefi, vöðva og vöðvafestingar.

Það bætir blóðflæðið í vöðvunum og þeir verða mýkri og teygjanlegri heldur en í köldum vöðvum. Þannig færð þú meiri árangur af nuddinu og meiri og betri hvíld.

Steinarnir sem eru notaðir í meðferðinni eru eru hitaðir í 60°C. Síðan eru þeir notaðir með olíu til að nudda þau svæði sem þarfnast meðhöndlunar.

**NÝTT !! – BOWEN TÆKNI** –er einföld og mjúk meðferð sem hvetur líkamann til að laga sig sjálfann. Þ.e. að örva líkamann til sjálfslækningar þann kraft og hæfni sem við búum yfir og getum örvað.

Áhrifin af **BOWEN** meðferðinni er djúp og slakandi.

**BOWEN** hefur reynst vel gegn

VEFJARGIGT – SINASKEIÐABÓLGUM –

GRINDARGLIÐNUN- TÍÐARVERKJUM

HÖFUÐVERKJUM- ÍÞRÓTTAMEIÐSLUM-

SOGAÆDAKERFISVANDAMÁLUM

SKEKKJUR Í LÍKAMANUM T.D. VEGNA RANGRA

VINNUSTELLINGA EÐA

ANNARS ÁLAGS – STRESS OG STREITA.

*Annað sem alltaf er í boði.*

Klassíkt nudd

Slökunarnudd

Nudd gegn vöðvaverkjum



ELSE NIELSEN

NUDDFRÆÐINGUR OG BOWENTÆKNIKER.

Upplýsingar og tímapantanir í síma 690-6024

Árið 2004, þann 2 desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar magnússon, Unnar Gíslason, Þorsteinn Loftsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Í upphafi bauð oddviti fundarmenn velkomna. Undir fyrsta lið dagskrár fundarins mætti Svanur Bjarnason, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Suðurlandi en undir öðrum til fimmtalið sat fundinn Hjalti Þorvarðarson, viðskiptafræðingur frá KPMG Endurskoðun. Einnig sat fundinn Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Í upphafi óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Því næst var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

1. **Vegamál í Hrunamannahreppi** –. Oddviti reifaði málið og lagði fram lista yfir helstu samgönguæðar sveitarfélagsins. Einnig lagði oddviti fram lista yfir safnvegaáætlun sem lögð hefur verið fram á Héraðsnefndarfundum Árnassýslu 2004. Svæðisstjóri fór yfir helstu verkefni og telur ólíklegt að vegaspottinn sem eftir er af Skeiða- og Hrunamannavegi þjóðvegur 30 komist á áætlun næstu fjögurra ára. Hreppsnefnd hefur um árabíl lagt mikla áherslu á að þessi vegur verði lagður bundnu slitlagi bæði fyrir íbúa hreppsins og ferðaþjónustu. Rætt var um brú yfir Hvítá við Bræðratungu árið 2006 er gert ráð fyrir 82

milljónum og síðar hærri fjárhæðum gert er ráð fyrir að brúin sjálf kosti u.þ.b. 450 milljónir. Rætt um breikkun brúar yfir Stóru-Laxá. Rætt um stofnbrautina í gegnum Flúðahverfið. Vegagerðin er tilbúin með útboðsgögn varðandi Auðsholtsveg vegna c.a. 2.5 km. Búið er að mæla stærsta hluta vegarins og hanna hluta af honum. Rætt um fyrirhugaðan Bakkaveg, Selsveg, Hvammsveg, Hrunaveg Þjóðveg 344 o.m.fl. Einnig var rætt um fleiri tengivegi, safnvegi, fjall- og afréttarvegi. Einnig var rætt um viðhald veganna heflun, slyshættu við Hellisholtslæk, girðingar viðhald þeirra o.fl.

## **2. Endurskoðuð Fjárhagsáætlun ársins 2004 – önnur umræða – Hjalti Þorvarðarson frá KPMG mætir á fundinn.**

Lögð var fram endurskoðuð fráhagsáætlun ársins 2004. Þar er m.a. gert ráð fyrir helstu framkvæmdum sem bæst hafa við frá fyrri áætlun m.a. vegna viðhalds og endurbóta í skóla kr. 6.500.000, Leikskólinn kr. 6.000.000, sparkvöllur kr. 3.000.000 og einnig bætast við 3.000.000 vegna gatnagerðar ( í áætlun var 20.000.000 ) m.a. vegna hækkunar á malbiki o.fl.. Einnig er fært í eignasjóð kr.3.000.000 vegna viðhalds á Vesturbrún 2 og 6. Ákveðnir þættir eru reknir með tapi s.s. vatnsveita, fráveita o.fl. Sérstakt framlag vegna framkvæmda ársins er fært úr aðalsjóð. Hreppsnefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun.

## **3. Fjárhagsáætlun ársins 2005 – fyrri umræða.**

Lögð var fram fjárhagsáætlun ársins 2005. Í forsendum er gert ráð fyrir 3% hækkun launa og launatengdra gjalda miðað við áætlun 2004 í öllum stofnunum nema skóla og leikskóla þar sem gert er ráð fyrir 6% hækkun á þessum liðum. Gert er ráð fyrir 2% hækkun á öðrum kostnaði. Þá er gert er ráð fyrir 3% hækkun tekna á ári miðað við áætlun 2004. Þetta á við um tekjur aðalsjóðs, fráveitu og vatnsveitu. Að öðru leiti vísað til framlagðra gagna.

#### **4. Þriggja ára áætlun áráanna 2005 – 2007 – önnur umræða – ( sjá fundargögn frá fundi í júní 2004)** Hreppsnefnd samþykkir áætlunina.

**5. Þriggja ára áætlun áráanna 2006 – 2008 – fyrri umræða.** Lögð var fram þriggja ára áætlun áráanna 2006 til 2008 áætlunin er unnin í framhaldi af fjárhagsáætlanagerð ársins 2005. Farið yfir helstu forsendur áætlunarinnar þar sem ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum. Rætt um verðlagsforsendur, verðbólgu o.fl. að öðru leiti er vísað til framlagðra gagna. Áætluninni vísað til seinni umræðu.

#### **6. Tillögur að gjaldskrá.** Oddviti lagði fram tillögur að gjaldskrá fyrir árið 2005.

Álagningarákvæði:  
Útsvarsprósenta verði 13.03%  
Fasteignaskattur A 0.60% af lóðarhlutamati og fasteignamati

Fasteingaskattur B 1.30% af lóðarhlutamati og fasteignamati

Lóðaleiga kr. 2300 á lóð.

Vatnsskattur íbúða 0.25% af fasteignamati, lágmark kr. 10.000 en að hámarki kr. 20.000.

Vatnsskattur sumarhúsa kr. 10.000.000

Vatnsskattur atvinnurekstrar kr. 12.000 að auki innheimt kr 13 á tonn auk mælaleigu skv. gjaldskrá.

Sorpeyðingagjald kr. 8.000 á íbúð kr. 7.000 á sumarhús kr. 14.000 á atvinnurekstur að auki er innheimt aukasorpgjald eftir magni.

Sorphirðugjald kr. 7.000

Holræsagjald 0.15% af fasteignamati.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 1. febrúar, 1. apríl og 1. júní. Innheimtuferli gjalddagareikninga miði við síðasta gjalddaga fasteignagjalda.

## **7. Tillögur að þóknun v. nefndarstarfa.**

Oddviti gerði tillögu að óbreyttri þóknun vegna nefndarstarfa.

## **8. Sameiningarmál sveitarfélaga uppsveita**

**Árnessýslu.** Oddviti kynnti málið en áður höfðu sveitarstjórnarmenn í uppsveitum Árnessýslu rætt þessi mál á fundi í Skálholti 11.nóvember s.l. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er samþykkt því að efla sveitarstjórnarstigið og telur að uppsveitir Árnessýslu sé heppileg stærðareining miðað við núverandi verkefni sveitarfélaga enda hefur verið mikil samvinna um marga

málaflokka sem snerta sveitarfélögin um langt skeið. Hreppsefnd vísar til sameiginlegrar bókunar sveitarstjórna uppsveita Árnassýslu sem er eftirfarandi: " Sameiginlegur fundur sveitarstjórna í uppsveitum Árnassýslu, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, haldinn í Skálholti 11. nóvember leggur áherslu á að ekki sé hægt að boða til sameiningarkosninga um sameiningu sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu án þess að fyrir liggi:

- Samningur ríkis og sveitarfélaganna um samgöngubætur í sameinuðu sveitarfélagi
- Uppgjör milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga varðandi þau verkefni sem þegar eru komin yfir til sveitarfélaganna."

## **9. Könnun á skólastarfi tillaga frá Ingvari Sigurgeirssyni.**

Oddviti kynnti bréf frá Ingvari Sigurgeirssyni frá Kennaraháskóla Íslands vegna könnunar á skólastarfi. Hreppsnefnd vísar bréfinu til fræðslunefndar til skoðunar.

---

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.17.35

---

## **Gítarnámskeið á Seli**

---

Gítarnámskeiðin hefjast að nýju um miðjan janúar. Boðið verður upp á námskeið í vinnukonugripum fyrir byrjendur og lengra komna, unga sem aldna. Vegna fjölda áskorana verð ég með byrjendakennslu fyrir börn frá 3. bekk (árg. '96) og upp úr,

auk þess að vera með hljómsveitahópa fyrir 12 ára og eldri.

Á haustönn voru 16 nemendur á aldrinum 10 ára til sextugs í frábærri stemmningu.

Það er aldrei of seint að byrja!

Nánari upplýsingar í síma: 821-2690

### Lausagönguþula

(Birtingaholti IV  
27.nóvember 2004,ort í  
tilefni vígslu nýja fjóssins,  
höf.Arinbjörn Vilhjálmsson)

Sjáiði þetta !!  
segir hún Sletta.  
Hvað á ég að halda ?  
segir hún Skjalda  
Er þetta fjós ?  
segir hún Rós.  
Svo mun víst vera  
andvarpar Bera.  
Við förum þangað inn  
segir hún Dimm.  
“Aldrig i livet !”  
mótmælir Bríet.  
Mér líst ekki á þetta  
segir hún Metta .  
Þetta stærra en höll  
munlar hún Mjöll  
eða örkin hans Nóa  
bætir við Lóa.  
Fjós eru dýr  
segir hún Kýr.  
Eiga þau kvóta ?  
spyr hún Tóta.  
Það skyldi maður halda

segir hún Alda.  
Þau verða slipp og snauð  
segir hún Rauð.  
Hættessu nuddi  
segir hann Tuddi.  
Þau slá bara lán  
andvarpar Rán.  
Skyldi þakið halda ?  
segir hún Skjalda.  
Ég strýk niður á Skeið  
segir hún Reyð.  
Þá steypist þú í ána  
segir hún Grána.  
Mér væri svossem sama  
segir hún Dama.  
Hættið þessu voli  
rymur hann Boli.  
Þið eruð gungur  
segir vetrungur  
Nú hættum við að þusa  
segir hún Kusa.  
Júgrin eru að springa  
segir hún Inga.  
Ekki um neitt að velja  
segir hún Belja.  
Þá dröslumst við inn  
skipar hún Dimm.  
--  
Hvað er nú þetta ?  
Segir hún Sletta  
Þetta er róbót

útskýrir Búbót  
Hvað er hann að gera  
segir hún Bera.  
Á júgrum að káfa  
öskrar hún Láfa.  
Það mun ég ei leyfa  
segir hún Skeifa.  
Því vel muntu kunna  
segir hún Tunna.  
Þetta er “inn”  
segir hún Dimm.  
Twist and shout  
syngur hún Kát.  
Þið eigið ekki að sletta  
segir hún Metta.  
Give me a brake  
segir hún Bleik.  
----  
Úr mér vessar streyma  
segir hún Seyma  
Eins og ylvolt fljót  
segir hún Snót.  
Úr mér mjólkast smjör  
tilkynnir Vör  
Ég gef af mér rjóma  
segir hún Sóma.  
Úr mér vellur rjómaís  
gellur í Sómadís.  
Og úr mér rennur shake  
segir hún Bleik.  
Og úr mér mjólk með kókó  
segir hún Gógó.  
Tæknin er undur  
segir fjóshundur !!  
-----  
Ég verð þunglynd  
andvarpar Berglind.

Þá hjálpar pilla  
segir hún Mylla.  
Við hvern á að kvarta  
segir hún Varta  
Við Ísólf Gylda  
segir hún Ylfa  
og framfarasinna  
bætir við Tinna.  
-----  
Hér er allt í kös  
segir hún Nös.  
Og meir en hundrað kýr  
segir hún Hýr.  
Og ekki nokkur bás  
segir hún Glás.  
Þeir nota ei lengur nöfn  
segir hún Dröfn.  
Örlög reynast grimm  
segir tuddi 5  
Þýðir ekki að þrátta  
þylur kvíga 8.  
Ánægjan hún vex  
segir belja 6.  
Þekkir ekkert betra  
kálfulur tveggja vetra.  
-----  
Skrýtið þetta líf  
segir hún Hlíf.  
Fáðu þér bara hey  
segir hún Mey.  
AV



**KB BANKI**

**Afgreiðslutími á Flúðum:**

mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00

**Hraðbankinn**

er opinn allan sólarhringinn.

**Athugið!!!!**

**Breytt símanúmer.**

**480-4700.**

---

**Opnunartími Versl. Strax um  
hátiðarnar.**

Mánudagur	20.12.2004	09:00-19:00
Þriðjudagur	21.12.2004	09:00-19:00
Miðvikudagur	22.12.2004	09.00-19.00
<b>Þorláksmessa</b>	<b>23.12.2004</b>	<b>09:00-19:00</b>
<b>Aðfangadagur</b>	<b>24.12.2003</b>	<b>10:00-13:00</b>
<b>Jóladagur</b>	<b>25.12.2003</b>	<b>Lokað</b>
<b>Annar í jólum</b>	<b>26.12.2003</b>	<b>Lokað</b>
Mánudagur	27.12.2004	10:00-19:00
Þriðjudagur	28.12.2004	09:00-19:00
Miðvikudagur	29.12.2004	09:00-19:00
Fimmtudagur	30.12.2004	09:00-19:00
<b>Gamlársdagur</b>	<b>31.12.2004</b>	<b>09:00-13:00</b>



Nýársdagur	01.01.2005	Lokað
Sunnudagur	02.01.2005	10:00-17:00

Ýmis tilboð í gangi.  
20% afsláttur af ýmsu jólasælgæti.

"Jólapóstkassinn" er á sínum  
stað í versluninni...